

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. apríl 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir miðbæ Akureyrar.

Breytingin er gerð á texta í kafla 5.3 í greinargerð sem heitir nú: *Hönnun og uppdrættir vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldra húsnæði.*

Allar umsóknir um byggingarleyfi innan marka deiliskipulagsins sem varða útlit, form eða innra skipulag, skulu lagðar fyrir skipulagsnefnd sem metur þessa hluti sérstaklega áður en hún leyfir framlagningu aðaluppdráttu.

Áður en aðaluppdrættir vegna nýbygginga eru lagðir fram skal leggja fram forteikningar, m.a. þríviðar sem gera með greinargóðum hatti grein fyrir ofantöldum atriðum. Ekki er þörf á slíku þegar um er að ræða viðbyggingu eða breytingar á formi eða últiti á eldra húsnæði.

Allar breytingar á friðuðum húsum og húsum eldri en 100 ára og nánasta umhverfi þeirra, eftir því sem við á, eru háðar samþykki Minjastofnunar Íslands.

Deiliskiplagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 8. apríl 2015,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 22. apríl 2015